

Fundargerð aðalfundar 2013

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. fyrir árið 2013 var haldinn í Höfðatúni 2 í Reykjavík, 24. maí 2013 kl. 14:30. Mættir voru fulltrúar 9 hluthafa sem eiga rúmlega 84,14% hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Löglega var til fundarins boðað. Fundurinn kaus Erlu S. Árnadóttur, hrl., fundarstjóra og Huldu Björk Þorkelsdóttur, Reykjanesbæ, ritara.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir: Árni Sigurjónsson, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.

1. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, lagði fram ársreikning fyrirtækisins. Ársreikningurinn var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
2. Lagt var til að í stað „Heimilisfang félagsins er Höfðatún 2, 105 Reykjavík.“ í 2. gr. samþykka standi framvegis „Heimilisfang félagsins er Katrínartún 2, 105 Reykjavík.“ Tillagan var samþykkt.
3. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins og að endurskoðandi yrði endurkjörinn, og var tillagan samþykkt. Stöðurnar eru því skipaðar svo:
 - Árni Sigurjónsson (kt. 281255-3399), stjórnarmaður.
 - Karl Guðmundsson (kt. 161153-4519), stjórnarmaður.
 - Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (kt. 130255-2059) stjórnarmaður.
 - Pálína Magnúsdóttir (kt. 1511637269) stjórnarmaður
 - Hulda Björk Þorkelsdóttir (kt. 211248-4169), varamaður í stjórn.
 - Eiríkur Þorláksson (kt. 301153-7169), varamaður í stjórn.
 - Ríkisendurskoðun, endurskoðandi.
4. Lagt var til að hagnaður af rekstri ársins 2012 gangi til uppbyggingar og eflingar félagsins, eins og ráð er fyrir gert í samþykktum þess og var það samþykkt.
5. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2013 til aðalfundar 2014 verði óbreytt, eða kr. 20.000 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt samhljóða.
6. Önnur mál.
 - a) Eiríkur Þorláksson frá Mennta- og menningarráði tók til máls og þakkaði fyrir að hafa verið boðið á fundinn, góða skýrslu og ársreikning. Hann lýsti yfir ánægju með stöðu félagsins og sagði góða sátt í ráðuneytinu um stefnu fyrirtækisins í þá átt að þjóna fleiri tegundum safna með skráningu og leitarmöguleikum. Eiríkur greindi einnig frá breytingum á verkefnum ráðuneytisins sem birtist í forsetaúrskurði nr. 69/2013 þar sem fram kemur að hluti þeirra færist til forsætisráðuneytisins.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið kl. 15:35.


Erla S. Árnadóttir


Hulda Björk Þorkelsdóttir